

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 204/2012

2013/EES/6/14

frá 26. október 2012

**um breytingu á bókun 10 við EES-samninginn um að einfalda skoðun og
formsatriði vegna vöruflutninga**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 1. mgr. 9. gr. b í II. kafla a í bókun 10 við EES-samninginn er kveðið á um að samningsaðilar skuli taka upp öryggistengt tollefirlit, sem er skilgreint í II. kafla a, og beita því í tengslum við vörur sem fluttar eru inn á tollsvæði þeirra eða út af því, og tryggja þannig jafngilt öryggi á ytri landamærum sínum.
- 2) Í 9. gr. h í II. kafla a í bókun 10 við EES-samninginn er kveðið á um málsmeðferð þegar gera þarf nauðsynlegar breytingar í því skyni að taka tillit til þróunar í löggjöf Evrópusambandsins um málefni sem falla undir ákvæði II. kafla a.
- 3) Breytingar hafa verið gerðar á löggjöf Evrópusambandsins um öryggistengt tollefirlit, einkum með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 312/2009 ⁽¹⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 169/2010 ⁽²⁾, og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 430/2010 ⁽³⁾.
- 4) Samræma skal ákvæði bókunar 10 við EES-samninginn við breytingar á löggjöf Evrópusambandsins til að tryggja jafngilt öryggi.
- 5) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Íslands og Liechtensteins. Þessi ríki gætu þó gengist undir hana að fenginni nýrri ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar.
- 6) Bókun 10 við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. viðauka bókunar 10 við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti staflíðar e) í 1. mgr. 2. gr. hljóði svo:

„Vörur sem heimilt er samkvæmt löggjöf samningsaðila að gera grein fyrir með munnlegri tollskýrslu eða skýrslu sem er einfaldlega fólgin í flutningi yfir landamærin, að frátöldum húsmunum og lausafé, vörum sem fluttar eru á vörubrettum, í gámum eða með flutningatækjum á vegum, með járnbrautum, í lofti, á sjó eða á skipgengum vatnaleiðum samkvæmt flutningasamningi,“

2. Texti staflíðar j) í 1. mgr. 2. gr. hljóði svo:

„eftirtaldir vörur sem eru fluttar inn á tollsvæði samningsaðila eða út af því beint til eða frá bor- eða vinnslupöllum eða vindhverflum, sem starfræktir eru á vegum einhvers þess sem hefur staðfestu á tollsvæði samningsaðila:

- i) vörur sem hafa verið notaðar sem hluti af slíkum pöllum eða vindhverflum, þ.e. við smíði þeirra eða við viðgerðir, viðhald eða breytingar á þeim,
- ii) vörur sem hafa verið notaðar sem viðbætur eða búnaður á slíkum pöllum eða vindhverflum,
- iii) önnur aðföng sem eru notuð eða sem neytt er á slíkum pöllum eða vindhverflum, og
- iv) úrgangur, önnur en spilliefni, af slíkum pöllum eða vindhverflum.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 98, 17.4.2009, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 51, 2.3.2010, bls. 2.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 125, 21.5.2010, bls. 10.

3. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir staflið 1) í 1. mgr. 2. gr.:

„m) vörur sem fluttar eru til eins samningsaðila frá Helgólandi, San Marínó, Páfagarði eða eru sendar frá einum samningsaðila til þessara yfirráðasvæða,

n) vörur sem fluttar eru með skipum í venjubundnum áætlunarsiglingum, tilhlýðilega vottaðar samkvæmt sömu málsmeðferð og kemur fram í 313. gr. b í reglugerð (EBE) nr. 2454/93.“

4. Texti 3. mgr. 2. gr. hljóði svo:

„Ekki er krafist einfaldaðrar útflutningsskýrslu í eftirtöldum tilvikum:

- a) að því er varðar vörur sem eru afhentar til að vera notaðar sem hluti af eða sem aukahlutir í skip og flugvélar, eldsneyti, smurefni og gas og nauðsynlegir eru vegna rekstrar skipanna eða flugvéla, matvörur og aðra hluti sem neytt er eða seldir eru um borð,
- b) að því er varðar vörur sem eru meðhöndlaðar samkvæmt tollareglum um umflutning, þegar upplýsingar sem krafist er fyrir einfaldaða útflutningsskýrslu eru veittar í rafrænni umflutningsskýrslu og að því tilskildu að viðtökuskrifstofan sé jafnframt útflutningstollskrifstofan,
- c) að því er varðar vörur sem eru fermdar í höfn eða á flugvelli á tollsvæði samningsaðila en affermdar í annarri höfn eða á öðrum flugvelli á því svæði, verða þær að vera um borð í skipi eða flugvél sem flytur þær þegar höfð er stutt viðkoma í höfn eða á flugvelli utan þess tollsvæðis,
- d) að því er varðar vörur sem eru ekki affermdar í höfn eða á flugvelli úr flutningatækinu sem flutti þær inn á tollsvæði samningsaðila og mun flytja þær út af því svæði,
- e) að því er varðar vörur sem voru fermdar í fyrri höfn eða flugvelli á tollsvæði samningsaðila og eru áfram um borð í flutningatækinu sem mun flytja þær út af því svæði,
- f) ef vörum í tímabundinni geymslu eða á fríðsvæði sem fellur undir eftirlit af gerð I er umskipað úr flutningatækinu sem flutti þær í fyrrnefnda tímabundna geymslu eða fríðsvæði undir eftirliti sömu tollskrifstofu um borð í skip, flugvél eða járnbraut sem mun flytja þær úr hinni tímabundnu geymslu eða fríðsvæði út af tollsvæði samningsríkjanna, að því tilskildu að:
 - i) umskipunin eigi sér stað innan fjórtán almanaksdaga frá því að komið var með vörurnar í tímabundna geymslu eða á fríðsvæði sem fellur undir eftirlit af gerð I. Í undantekningartilvikum geta tollyfirvöld framlengt þennan frest þegar svo ber undir,
 - ii) tollyfirvöld hafi aðgang að upplýsingum um vörurnar, og
 - iii) áfangastaður varanna og viðtakandinn breytist ekki, að því er flutningsaðilinn best veit.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Sameiginleg yfirlýsing samningsaðila

**vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 204/2012 frá 26. október
2012 um breytingu á bókun 10, að því er varðar 2. mgr. 1. gr. I. viðauka við
bókun 10**

Að því er varðar upplýsingar sem krafist er vegna einfaldaðrar aðflutnings- eða útflutningsskýrslu, staðfesta samningsaðilar að

- ákvæði um EORI-númer
- ákvæði um kröfur að því er varðar ósk um breytingu á flutningsleið í lið 2.6 í töflu 6 í 30. viðauka a, sem voru innleidd með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 312/2009 frá 16. apríl 2009 eigi ekki við um yfirlýsingar sem eru lagðar fram í EFTA-riki.